

STARFSREGLUR um breytingu á starfsreglum um prófasta, nr. 966/2006.

1. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup setur annan sóknarprest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófasts-embætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna lengri fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

Annars leysir prestur kosinn í héraðsnefnd prófast af í hefðbundnum fríum og til vara vara- maður hans í héraðsnefnd.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs- hætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2013.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi í samræmi við 6. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Magnús E. Kristjánsson,
forseti kirkjuþings.